

Ræða formanns Viðskiptaráðs Íslands

Hreggviður Jónsson

Forsætisráðherra, þingmenn, aðrir gestir – velkomin á Viðskiptaþing 2014

Viðfangsefni þingsins í dag er uppbygging alþjóðageirans á Íslandi.

Þegar horft er yfir farinn veg er ljóst að *spurningin „Hversu opið á Ísland að vera fyrir alþjóðlegum viðskiptum?“* er ein sú mikilvægasta fyrir efnahagslega framvindu þjóðarinnar. Undirstöðu þeirra lífsskjarabóta, sem hafa átt sér stað á Íslandi undanfarna öld, má einkum finna í auknu frelsi í viðskiptum með vörur, fjármagn og þjónustu. Vaxandi tengsl við alþjóðlega markaði hafa gert okkur kleift að skapa sérhæfingu á ýmsum sviðum og auka verðmæti innlendrar framleiðslu svo um munar. Í raun er óhætt að segja að utanríkisviðskipti og alþjóðavæðing hafi gjörbreytt öllum sviðum samfélagsins.

Með þetta í huga kemur ekki á óvart að opnun hagkerfisins og aukið viðskiptafrelsi hafi verið hornsteinar í málefnnastarfi Viðskiptaráðs allt frá stofnun þess árið 1917.

Alþjóðavæðingin er ekki bundin við Ísland, enda verða landamæri efnahagskerfa óskýrari með hverjum degi. Mismunandi hlutar sömu vöru eru framleiddir í fjölda ólíkra hagkerfa, þjónusta er veitt heimshorna á milli í gegnum upplýsingatækni og fjármagnsmarkaðir verða sífellt samtvinnaðari.

Áhrif þessarar þróunar eru skýr. Sífelld stærri hluti íslensks atvinnulífs keppir með beinum og óbeinum hætti á alþjóðlegum mörkuðum og lífskjör í landinu ráðast að miklu leyti af getu okkar til að skapa samkeppnishæfar vörur og þjónustu. Þannig er útflutningur drifkraftur verðmætasköpunar – einkum fyrir lítið hagkerfi eins og það íslenska – og æskilegt að hann vaxi hraðar en innlend neysla. Öðruvísi er hagvöxtur ekki sjálfbær til lengri tíma, líkt og við fengum að kynnast í efnahagslegum hrakförum ársins 2008.

Ágætu fundarmenn

Á síðasta Viðskiptaþingi var fjallað um skýrslu McKinsey & Company – *Charting a Growth Path for Iceland*, en í henni var fjallað um framtíðar tækifæri og áskoranir íslenska hagkerfisins. Ein lykilskilaboð skýrslunnar vörðudu einmitt mikilvægi þess að tryggja sjálfbærnan viðskiptajöfnuð hagkerfisins í gegnum aukin útflutning. Ef styðja á við sterkan hagvöxt án þess að ganga á náttúruauðlindir þarf vaxandi hlutfall útflutnings að koma frá þeim hluta hagkerfisins sem kallaður hefur verið alþjóðageirinn.

Til að svo megi verða þurfum við að auka framleiðni í öðrum hlutum hagkerfisins, einkum innlenda þjónustugeiranum, og nýta fjármagn og vinnuafli sem þaðan losnar til að styrkja útflutning. Í skýrslu McKinsey var talað um að mögulega væri hægt að flytja til 13.000 störf sem er hátt í 10% núverandi vinnuafli. Bætt skilyrði til uppbyggingar alþjóðlegrar starfsemi er grundvallarforsenda þess að jafn umfangsmikil kerfisbreyting geti átt sér stað.

Hvernig styðjum við með bestum hætti við það markmið að hér vaxi og dafni samkeppnishæf alþjóðafyrirtæki af öllum stærðum og gerðum sem ekki eru háð aðgengi að náttúruauðlindum með beinum hætti? Hvernig tryggjum við að Íslendingar njóti enn frekar þeirra lífsskjarabóta sem aukin utanríkisviðskipti og alþjóðavæðing geta boðið upp á? Spurningarnar snúa ekki eingöngu að efnahagslegum ávinningi heldur einnig þeirri samfélagsmynd sem við viljum byggja til framtíðar.

Talað orð gildir

Fjölbreytt atvinnutækifæri, breitt vöru- og þjónustuúrval og menningarleg tengsl við umheiminn eru allt þættir sem gera Ísland að ákjósanlegri stað til að búa á.

Það er hið raunverulega viðfangsefni þingsins í dag!

Alþjóðageirinn hefur snertifleti í öllu hagkerfinu. Til að fyrirtæki hérlandis geti keppt á erlendum mörkuðum þarf rekstrarumhverfi að vera alþjóðlega samkeppnishæft. Efnahagslegur stöðugleiki, aðgengi að fjármagni, uppbygging mannauðs og nýsköpunar, skattaumhverfi, regluverk og aðgengi að mörkuðum ráða þar mestu. Eins og listinn ber með sér styðja umbætur sem miða að eflingu alþjóðageirans við alla hluta hagkerfisins.

Það er þó mikilvægt að hafa í huga að fyrirtæki alþjóðageirans eru ekki bundin því að reka starfsemi sína hér á landi og því enn mikilvægara en ella að vel sé búið um hnútana ef ætlunin er að styrkja þennan hluta hagkerfisins. Að vera, eða ekki vera... á Íslandi. Þar er efinn. Þetta er spurning sem stjórnendur fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri velta fyrir sér á hverjum degi.

Í upplýsingaritinu á borðunum fyrir framan ykkur er fjallað um hlutverk alþjóðageirans í íslensku hagkerfi og þær meginforsendur sem styðja við eflingu hans. Kjarni ritsins er þó fjórar dæmisögur af alþjóðlegum fyrirtækjum af ólíkri stærð og gerð og þau tækifæri og áskoranir sem íslenskt efnahagsumhverfi skapar þeim.

Það er von okkar að með auðlesnum og aðgengilegum dæmisögum af þessu tagi sé hægt að auka almenna þekkingu á rekstrarumhverfi alþjóðageirans og nauðsynlegum umbótum. Það loðir gjarnan við umræðu um þessi mál að hún sé fræðileg og ekki nægjanlega sértæk til að hægt sé að átta sig á því hvernig þættir eins og höft á fjármagnsflutningum eða menntastefna snerta rekstur fyrirtækja með beinum hætti. Með þetta í huga voru dæmisögurnar skrifaðar. Umfjöllunin er að sjálfsögðu ekki tæmandi, en snertir engu að síður á mörgum af mikilvægustu viðfangsefnum alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi. Ég vil nota tækifærið hér og þakka þeim fjölmörgu einstaklingum sem komu að þessari vinnu með okkur fyrir þeirra framlag.

Góðir fundargestir

Staða peningamála er stærsta einstaka hindrun uppbyggingar alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi. Eins og dæmisögur upplýsingaritsins bera glöggvitni um hamla gjaldeyrishöft vexti alþjóðlegra fyrirtækja á öllum stigum og þar með getu hagkerfisins til verðmætasköpunar.

- Sprotu- og vaxtarfyrirtæki standa frammi fyrir heftu aðgengi að fjárfestum með nauðsynlega sérfræðiþekkingu og tengsl,
- stærri fyrirtækin missa af arðbærum fjárfestingartækifærum utan landsteinanna,
- erfitt getur reynst að sannfæra erlenda aðila um að starfa á Íslandi vegna hafta á flutningi launatekna
- og stórar beinar erlendar fjárfestingar á Íslandi verða flóknari og síður arðbærar en ella.

Svona mætti lengi telja enda ljóst að gríðarlegum tíma, orku og fjármunum er varið í úrlausnarefni tengd fjármagnshöftunum sem engum verðmætum skila. Það er því afar brýnt að stjórnvöld leggi allt í sölurnar til að greiða fyrir afnámi hafta sem fyrst.

Staðreyndin er þó sú að jafnvel þótt höft verði afnumin í náinni framtíð mun alþjóðleg starfsemi á Íslandi eiga erfitt uppdráttar meðan ekki ríkir traust gagnvart þeirri mynt sem hér er við lýði. Ef horft er til sögunnar má færa sterk rök fyrir því að íslenska krónan og sá óstöðugleiki sem henni hefur fylgt sé ein orsök þess að alþjóðleg starfsemi hérlandis er ekki umfangsmeiri en raun ber vitni. Öllum er ljóst að stöðugleiki gengis, vaxtastig og fyrirsjáanleiki launaþróunar geta skilið á milli feigs og ófeigs í harðri samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum.

Talað orð gildir

Núverandi stjórnvöld telja hag Íslendinga betur borgið utan Evrópusambandsins og hafa þar með lokað á tvíhliða upptöku evru sem valkost í peningamálum. Viðskiptaráð Íslands er ekki sammála nálgun stjórnvalda í þessu máli. Heppilegra hefði verið að ljúka aðildarviðræðum og fá þannig úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hvort samningsskilyrði gætu orðið ásættanleg, einkum hvað varðar sjávarútveginn. Nýlegar skoðanakannanir benda til þess að góður meirihluti landsmanna taki undir þau sjónarmið.

Ennfremur er það miður að stjórnvöld hafi hafi ekki komið með skýrari svör um framtíðarstefnu sína í peningamálum í kjölfar þess að aðildarviðræður voru stöðvaðar. Sem fyrsta skref teldi ég það lágmark að stjórnvöld settu fram opinbert markmið um að Ísland ætli sér að uppfylla Maastricht-skilyrðin fyrir lok kjörtímabilsins. Þá ákvörðun má taka alveg óháð framvindu í ESB-málum.

Áskoranir Íslands í peningamálum þýða einungis eitt. Til að fyrirtæki sjái hag sínum best borgið hérlandis, þurfa aðrir þættir rekstrarumhverfisins að vera þeim mun hagfelldari. Meðan höft eru við lýði verður seint hægt að jafna leikinn, en markvissar aðgerðir á öðrum sviðum geta þó lagt grunn að bjartari framtíðarmynd en blasir við fyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi í dag.

Ekki leikur nokkur vafi á því að tækifæri Íslendinga til að láta að sér kveða á alþjóðlegum mörkuðum eru mikil. Innviðir samfélagsins eru sterkir, landrými er nægt, orkuverð er samkeppnishæft og lega landsins býður upp á sterk tengsl við ólíka markaði. Þrátt fyrir að smæð landsins skapi ýmsar áskoranir býður hún einnig upp á tækifæri til að sýna meiri snerpu og sveigjanleika en stærri hagkerfi búa yfir. Við þurfum ekki að leggja Golíat til að þrífast í alþjóðlegri samkeppni, enda liggur í hlutarins eðli að örlitlar sneiðar af alþjóðlegum mörkuðum nægja til að byggja upp stór og stöndug fyrirtæki á íslenskan mælikvarða.

Þegar horft er til annarra þátta sem styðja við efnahagslegan stöðugleika eru ýmis jákvæð teikn á lofti s.s. eins og upplegg nýlegra kjarasamninga og síðustu verðbólgaþælingar.

Stærsta tækifæri Íslendinga felst þó í uppbyggingu framúrskarandi mannauðs. Til að ráðast í markvissa sókn á alþjóðlegum mörkuðum þarf að leggja aukinn kraft í eflingu menntunar, rannsókna og nýsköpunar. Án öflugs mannauðs og nýrrar þekkingar er til lítils að skapa hér hagfellt fjárfestingar- og rekstrarumhverfi.

Góðir fundargestir

Núverandi menntamálaráðherra hefur haldið því fram á opinberum vettvangi að menntamál séu stærsta efnahagsmál þjóðarinnar. Viðskiptaráð Íslands tekur undir þessi sjónarmið. Stefna stjórnvalda í menntamálum kemur til með að ráða úrslitum um langtímasamkeppnishæfni þjóðarinnar og þar með lífskjör í landinu. Fyrstu skref ráðherra í starfi benda til þess að loksins sé stefnt að aukinni framsækni á þessu sviði og því ber að fagna.

Menntamál hafa alla tíð verið ofarlega á baugi í starfsemi Viðskiptaráðs. Fljótlega eftir stofnun ráðsins tók það yfir starfsemi Verslunarskóla Íslands og hefur haft umsjón með honum í yfir 90 ár. Upphaflegt markmið skólans var að auðvelda landsmönnum að afla sér menntunar á sviði verslunar og efla þannig grundvöll atvinnuuppbyggingar hérlandis. Sömu sjónarmið réðu för í lok síðustu aldar þegar sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um menntamál stóð að stofnun Háskólans í Reykjavík. Með hliðsjón af breyttum þörfum atvinnulífsins var talin brýn þörf á að styrkja háskólastarf á Íslandi með öflugum og framsæknum einkaháskóla. Reynslan hefur sýnt að sú ákvörðun var atvinnulífínu ákaflega heillavænleg, en HR útskrifar nú tvo af hverjum þremur sem útskrifast með tæknimenntun á háskólastigi, helming viðskiptamenntaðra og þriðjung þeirra sem ljúka prófi í lögum.

En betur má ef duga skal. Viðskiptaráð hefur bent á ýmsar breytingar í menntamálum sem væru til þess fallnar að efla gæði menntunar og nýtingu þeirra fjármuna sem varið er til málaflokksins:

Talað orð gildir

- Samkeppni á háskólastigi hefur skilað gríðarlegum ábata fyrir nemendur, starfsfólk háskólakerfisins, atvinnulífið og fjárhag hins opinbera. Það er skoðun ráðsins að mikil tækifæri séu til þess að nýta þessa krafta í auknum mæli og á fleiri skólastigum en nú er gert.
- Leggja þarf ríka áherslu á að auka fjárfestingu í háskólanámi. Í dag er fjármagn á hvern háskólanema á Íslandi það lægsta innan OECD, mælt sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á mann. Ýmsar leiðir eru færar í þessum efnum, t.a.m. almenn upptaka skólagjalda á háskólastigi
- Samanburður við önnur lönd sýnir að fjármagni er ráðstafað með óskynsamlegum hætti á milli skólastiga. Þannig er Ísland eina landið innan OECD sem eyðir meiri fjármunum í hvern grunnskólanemanda en háskólanemenda. Aukin skilvirkni á grunnskólastigi myndi skapa svigrúm til að efla háskólanám enn frekar
- Fækkun námsára á mennta- og grunnskólastigi væri skynsamleg aðgerð til betri nýtingar opinberra fjármuna og samræmingar við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Viðskiptaráð hefur þegar tekið frumkvæði í þessum efnum, en síðastliðið vor var stjórnendum Verslunarskólans falið að hefja undirbúning að styttingu námstíma í þrjú ár.

Þessi álitaeefni verða rædd frekar í pallborði þingsins, sem ber yfirskriftina „*Styður menntakerfið við eflingu alþjóðageirans?*“. Þar munum við jafnframt kynna niðurstöður skoðanakönnunar um menntamál sem Viðskiptaráð fékk Capacent til að framkvæma nú í janúar. Þar var könnuð afstaða almennings til ýmissa kerfislægra breytinga í menntamálum, auk þess sem stjórnendur í atvinnulífinu voru spurðir um gæði og framboð útskrifaðra háskólanema á Íslandi.

Góðir fundargestir

Við höfum nokkuð góða mynd af styrkleikum Íslands í alþjóðlegu samhengi. Við höfum einnig ágætis hugmynd um hvaða aðgerðir væru til þess fallnar að efla alþjóðlega starfsemi á Íslandi. Á endanum er þetta fyrst og fremst spurning um viðhorf. Vilja Íslendingar byggja upp alþjóðlegt atvinnulíf með þeim óumflýjanlegu breytingum sem því fylgir?

Í gegnum tíðina hefur afstaða Íslendinga til alþjóðaviðskipta markast í alltof ríkum mæli af eigin hagsmunum. Við viljum eiga greiðan aðgang að erlendum mörkuðum, en höfum ákaflega takmarkaðan áhuga á að opna þær leiðir í báðar áttir. Útlendingar mega fjárfesta og reka starfsemi á Íslandi, en það verður að vera í þeim atvinnugreinum og sviðum sem okkur hentar. Ennfremur má sú samkeppni sem alþjóðavæðing skapar alls ekki vega að innlendri starfsemi og arðsemi erlendra fjárfesta á helst að vera takmörkuð. Á sviði íþróttanna væri þessi afstaða ekki talin vera það sem kallar er „*Fair Play*“ og því þurfum við að breyta rétt.

Íslenskir stjórnámamenn þurfa að sýna pólitískt þor til að opna hagkerfið og atvinnulífið á að hvetja til erlendra samkeppni á sem flestum sviðum. Við eigum ekki að óttast breytingar, heldur fagna þeim.

Ávinningurinn af opnara hagkerfi er ótvíræður og skapar grundvöll fyrir bætt lífskjör í landinu. Von Viðskiptaráðs er að Íslendingar sýni hugrekki og framsýni með því að búa alþjóðageiranum eins góð skilyrði og unnt er og efla þar með enn frekar verðmætasköpun og grundvöll komandi kynslóða.

Takk fyrir!